

UPPBYGGING VEGAR FRÁ HÖRGSNESI AÐ ÞINGMANNAÁ Í VATNSFRÍÐI, VESTURBYGGÐ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að uppbygging vegar í Vatnsfirði, frá Fossá á Hörgsnesi að Þingmannaá, Vesturbyggð, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest aðalskipulag Vesturbyggðar. Framkvæmdin er háð starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Leyfi skógræktarstjóra þarf til að rjóðurfella samkvæmt II. kafla, 6. gr. laga um skógrækt nr. 3/1955 m.s.b. Heimild Fornleifaverndar ríkisins þarf ef nauðsynlegt reynist að raska fornminjum, sbr. 14. gr. laga um þjóðminjar nr. 107/2001. Ef nauðsynlegt verður að raska fjörum þá þarf umsögn Breiðafjarðarnefndar (lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar) og leyfi Umhverfisstofnunar (lög nr. 164/2002 um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar). Vegna viðkvæms fuglalífs ber Vegagerðinni einnig að fara eftir lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 109/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. janúar 2009.

5. desember 2008

INNGANGUR

Þann 10. október 2008 tilkynnti Vegagerðin uppbyggingu vegar frá Hörgsnesi að Þingmannaá í Vatnsfirði til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vesturbyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Mílu ehf., Náttúrufræðistofnunar Íslands, Skógræktar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Vesturbyggð með bréfi dags. 5. nóvember 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 10. nóvember 2008, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 28. október 2008, Mílu ehf. með bréfi dags. 17. október 2008, Náttúrufræðistofnun Íslands með bréfi dags. 21. október 2008, Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 29. október 2008 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 29. október 2008. Athugasemdir framkvæmdaraðila við umsögnum bárust með þremur bréfum dags. 24. nóvember 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd.

Í framlögðum gögnum kemur fram að byggja á upp veginn frá Fossá á Hörgsnesi að Þingmannaá í Vatnsfirði, um 4,4 km langan kafla og verði vegurinn 7,5 m breiður með bundnu slitlagi. Vegurinn sé á verndarsvæði (Vatnsfjörður og Breiðafjörður). Uppsalaá renni um ræsi undir veginn og ætlunin sé að endurnýja ræsið. Uppbygging vegarins muni fylgja núverandi vegi, nema á 600-700 m kafla yst á Hörgsnesi þar sem gerð verði aflíðandi beygja í nýrri veglínu og á stuttum kafla muni vegurinn á þeim kafla liggja um fjöru. Á þessu svæði verði gert bílastæði á núverandi vegi við Gíslahelli (á milli stöðva 34.200 og 34.250) og núverandi vegur nýttur til að tengja bílastæðið við nýjan veg nærri stöð 33.900, en um 200 m kafla af núverandi vegi verði fjarlægður (um 17.000 m³) og nýttur í nýja veginn. Áætlað sé að nota allt að 30.000 m³ af efni úr námu, sem staðsett sé austan við Vatnsdalsá (flatarmál um 1 ha).

Fram kemur að skeringar verði sléttaðar í samræmi við landslag og umhverfi og til að ekki myndist rof vegna vinds. Öllum lífrænum jarðvegi ofan af skeringum verði ýtt til hliðar og honum jafnað á skeringar eftir að framkvæmdum ljúki. Einnig verði sáð í vegkanta og önnur vegrás. Yfirborð vegarins, sem verði lagður niður verði rifið upp til að auðvelda landnám gróðurs, en í þá verði sáð birkifræjum sem safnað verði á svæðinu. Girðingar sem raskist verði lagfærðar í samráði við landeigendur. Gert sé ráð fyrir að útboð fari fram í nóvember eða desember 2008 og verklok verði haustið 2009.

Áhrif á landnotkun. Fram kemur að engar skipulagðar landnytjar séu á framkvæmdasvæðinu en einn sumarbústaður sé rétt utan við framkvæmdasvæðið. Áhrif framkvæmda á landnotkun verði því engin.

Áhrif á fornminjar. Fram kemur að árið 2008 hafi verið gerð fornleifakönnun og 10 fornminjar hafi þá fundist. Hætta sé á að ný veglína yst á Hörgsnesi muni liggja yfir gróna rúst (minjar nr. 139798-92:009) og fornan lendingarstað í Hörgsnesvogi (minjar nr. minjar nr. 139798-92:008), sem nú sé ekki sjáanlegur. Fossársel hafi heldur ekki

fundist (minjar nr. 139798-92:010) og líklegt sé að selið hafi farið undir veg á sínum tíma. Aðrar fornminjar séu ekki í hættu en nokkrar verði innan við 100 m frá miðlínu vegar, sem verði merktar og varðar ef þurfa þykir. Ef í ljós komi áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma muni Vegagerðin kalla til fornleifafræðing.

Áhrif á náttúrufar. Fram kemur að gróðurfar á framkvæmdasvæðinu sé áþekkt og í öðrum vestfirskum fjörðum. Gróðurfélög séu þurlendisgróður, birki og lyngmói. Birki sé mest áberandi gróður á svæðinu og birkikjarr nái frá fjöru og upp í 250-300 m hæð og innan um það sé nokkuð af reynitjám og víði. Lyngmói sé áberandi í brekkum en einnig sé lyng undirgróður í birkikjarri. Undirgróður sé einkum ýmsar lyngtegundir, en einnig fjalldrapi, einir og blágresi. Við sjóinn sé skriðlíngresi áberandi auk sjávarfitungs og hvannar.

Fram kemur að vegaf framkvæmdin muni ekki hafa mikil áhrif á gróður, þar sem veglínan fylgi að mestu núverandi veglínu. Skerðing á birkikjarri verði ekki mikil, en þar sem það verði skert sé áætlað að sá birkifraei.

Fram kemur að rauðbrystingar dvelji um tíma í Vatnsfirði á vorin í ætisleit. Í birkikjarri séu skógarprestir, þúfutitlingar og hrossagaukar algengastir. Fjara yst á Hörgsnesi sé dæmigerð fyrir fjörur við Breiðafjörð; klappir með leirblettum inn á milli, klapparþang efst en neðar í fjörunni sé bólþang og klóþang. Fjaran sé ekki mikilvæg fyrir rauðbrysting og framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á þá eða aðra fugla sem nýti leirurnar.

Fram kemur að núverandi vegur fyrir Hörgsnes liggja í fjöru á um 200-250 m kafla. Fjaran verði endurheimt með því að fjarlægja núverandi veg niður á fast (klöpp) eða niður í meðalstraums flóðamörk. Stærð þeirrar fjöru sem endurheimtist verði svipuð og sú sem raskist við nýja veglagningu.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Í umsögnum Vesturbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Mílu ehf., og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif eða skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Fornleifavernd ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands og Skógrækt ríkisins telja að með tilliti til ábendinga stofnananna sé ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að eðlilegt sé að samráð verði á milli Vegagerðarinnar og stofnunarinnar áður en framkvæmdir hefjist, m.a. með tilliti til framkvæmdatíma og viðkvæms fuglalífs á svæðinu.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að stofnunin setji það skilyrði að kannað verði eðli og umfang gróinnar rústar við Hörgsnesvog (minjastaður 139798-92:009) með könnunarskurði og aldur þeirra metinn út frá jarðlögum sem liggja yfir rústinni. Að könnun lokinni verði erindið sent til Fornleifaverndar ríkisins á ný, sem muni þá ákvarða hvort skuli farið út í frekari rannsóknir á minjastaðnum eða hvaða skilyrði þurfi að uppfylla sem megi raska staðnum. Auk þess álitur stofnunin að merkja þurfi fornleifar í nágrenni framkvæmdasvæðisins á meðan á framkvæmdum standi.

Í umsögn Skógræktar ríkisins kemur fram að út frá framlögðum gögnum sé ekki hægt að áætla umfang skógareyðingar vegna framkvæmdanna. Bendir Skógræktin á að samkvæmt leiðbeiningum Skógræktar ríkisins og Skipulagsstofnunar er framkvæmd tilkynningaskyld til mats á umhverfisáhrifum ef skógareyðing fer yfir 0,5 ha af skógræktarlandi. Engum skógi megi eyða nema með samþykki Skógræktar ríkisins og því aðeins að sýnt sé fram á mótvægisáðgerðir.

Í svari Vegagerðarinnar kemur fram að uppbygging vegarins muni fylgja núverandi vegstæði að mestu og skerðing á birki verði líklega innan við 0,5 ha. Sem mótvægisáðgerð sé gert ráð fyrir uppgræðslu birkis á svæðinu.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða uppbyggingu rúmlega fjögurra kílómetra vegarkafla í Vatnsfirði, frá Fossá á Hörgsnesi að Þingmannaá. Vegurinn liggur um friðland Vatnsfjarðar (Stjórnartíðindi B, nr. 395/1975) og um fjöru á verndarsvæði Breiðafjarðar (lög nr. 53/1995). Uppbygging vegarins mun fylgja núverandi vegstæði, nema á 600-700 m kafla yst á Hörgsnesi þar sem gerð verði aflíðandi beygja í nýrri veglínu og á stuttum kafla muni vegurinn þar liggja um fjöru. Á núverandi vegi yst á Hörgsnesi, sem leggja á niður, verður gert bílastæði við Gíslahelli og núverandi vegur nýttur til að tengja bílastæðið við nýjan veg, en um 200 m kafla vegarins verður fjarlægður og efni hans nýtt í nýja veginn. Nota á allt að 30.000 m³ af efni úr námu, sem staðsett er austan við Vatnsdalsá. Verklok eru áætluð haustið 2009.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10c í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdir við uppbyggingu vegarins verði að mestu leyti á landi þar sem náttúrufari hefur þegar verið raskað með vegagerð og svæði sem fari undir nýjan veg yst á Hörgsnesi hafi ekki sérstakt gildi í vistræði fugla. Stofnunin telur boðaðar mótvægisáðgerðir ásættanlegar, sem felast í því að sá birkifræjum þar sem birkikjarri verður rutt, gera tilraun til þess að endurheimta fjöru í stað þeirrar sem fer undir nýjan veg og samráð verði haft við Fornleifavernd ríkisins og Náttúrufræðistofnun Íslands á þeim sviðum sem falla undir þeirra verksvið.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að uppbygging vegar í Vatnsfirði, frá Fossá á Hörgsnesi að Þingmannaá, Vesturbyggð, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins um að metið verði eðli, umfang og aldur gróinnar rústar við Hörgsnesvog og á grundvelli niðurstöðu könnunarinnar verði stofnunin fengin til þess að ákvarða hvort frekari rannsóknir verði gerðar á minjastaðnum eða hvaða skilyrði þurfi að uppfylla svo megi raska staðnum. Einnig telur Skipulagsstofnun mikilvægt að fornleifar í nágrenni framkvæmdasvæðisins verði vel merktar, meðan á framkvæmdum stendur og bendir á ábyrgð Vegagerðarinnar um samráð við minjavörð Vestfjarða samkvæmt þjóðminjalögum, finnist áður óþekktar fornminjar. Áður en framkvæmdir hefjast telur Skipulagsstofnun einnig mikilvægt að Vegagerðin hafi samráð við

Náttúrfræðistofnun Íslands um fyrirkomulag framkvæmda, með tilliti til viðkvæms fuglalífs á svæðinu. Skipulagsstofnun leggur til að Vegagerðin haldi skrá yfir skógareyðingu vegna framkvæmdanna.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Vesturbyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að liggja fyrir staðfest aðalskipulag Vesturbyggðar. Framkvæmdin er háð starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Leyfi skógræktarstjóra þarf til að rjóðurfella samkvæmt II. kafla, 6. gr. laga um skógrækt nr. 3/1955 m.s.b. Heimild Fornleifaverndar ríkisins þarf ef nauðsynlegt reynist að raska fornminjum, sbr. 14. gr. laga um þjóðminjar nr. 107/2001. Ef nauðsynlegt verður að raska fjörum þá þarf umsögn Breiðafjarðarnefndar (lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar) og leyfi Umhverfisstofnunar (lög nr. 164/2002 um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar). Vegna viðkvæms fuglalífs ber Vegagerðinni einnig að fara eftir lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 109/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. janúar 2009.

Rut Kristinsdóttir

Sigmar Steingrímsson